

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með breytingu nr. 430/1987.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og orðast svo:

Tryggingaráð getur greitt hlutfallslegan mismun á fjárhæðum samkv. 5. gr. og á þeim hækkunum sem verða kunna á bifreiðum til og með 31. desember 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 19. og 39. gr. stl. b. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu (6.) á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

EFNI INN – nafn (latneskt)	Alþjóðasamningar N– 1961 P–1971 Fsk. I–IV	Inn-/útfl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og at- hugasemdir
-------------------------------	--	--------------------------	---	---------------------------------

Allobarbital	P IV
Butalbital	P III
Butobarbital	P IV
Secbutabarbital	P IV
Vinylbital	P IV

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. október 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.